

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Klapparhlíðar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingar á deiliskipulagi Klapparhlíðar, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 26. febrúar 2003.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að byggingarreitum hefur verið breytt, fjölbýlishúsum fjölgað en raðhúsum fækkað. Íbúðum hefur fjölgað úr 200 í 223.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í samræmi við áður nefnd lög. Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Mosfellsbæ, 26. maí 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.